

**Ed.**

**504. Frumvarp**

til laga um Gagnfræðaskóla Reykjavíkur.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Stofna skal skóla í Reykjavík, er nefnist Gagnfræðaskóli Reykjavíkur. Hann skal veita almenna fræðslu, bóklega og verklega, bæði konum og körlum.

2. gr.

Tvær ársdeildir skulu vera í skólanum. Með leyfi stjórnarráðsins má bæta við framhaldsnámi hinn þriðja vetur í tilteknum hagnýtum námsgreinum.

3. gr.

Námsgreinar í skólanum skulu vera þessar: Íslenska, norðurlandamál, enska, bókmentafræði, saga, landafræði, náttúrufræði, hagfræði, fjelagsfræði, reikningur, söngur, teikning, íþróttir, steinsmiði, trjesmiði, járnsmíði, netabæting, einfaldur fatasaumur og matreiðsla. Nemendur ákveða í samráði við skólastjóra, hverjar námsgreinar þeir fella niður.

4. gr.

Við skóla þennan skipar stjórnin tvo fasta starfsmenn, skólastjóra og einn kennara. Skal skólastjóri jafnan njóta sömu launakjara og forstöðumaður kennaraskólans, en kennarinn sömu launakjara sem fyrsti kennari sama skóla.

5. gr.

Þriggja manna skólanefnd starfar við Gagnfræðaskóla Reykjavíkur. Bæjarstjórn Reykjavíkur kýs með hlutfallskosningu tvo til þriggja ára, og stjórnarráðið skipar hinn þriðja, sem jafnframt er formaður, til 5 ára í senn. Skólanefndin starfar endurgjaldslaust.

6. gr.

Skólastjóri hefir á hendi daglega stjórn skólans, ræður stundakennara og skiftir verkum með þeim. Skólanefnd semur reglugerð skólans, er stjórnarráðið staðfestir. Skólanefnd skal enn fremur undirbúa byggingu nauðsynlegra húsa fyrir skólann, ráða með skólastjóra bóka- og áhaldakaupum og annast fjárstjórn skólans.

7. gr.

Fyrir hverja 20 nemendur greiðist í skólasjóð úr ríkissjóði 1500 krónur og jafnmikið úr bæjarsjóði Reykjavíkur. Sömu aðiljar leggja fram til helminga andvirði efnis við vinnukensluna. Hver nemandi greiðir í skólasjóð ár-

lega  $\frac{2}{3}$  af því skólagjaldi, sem það ár er tiltekið fyrir innanbæjarnemendur við landsskólana í Reykjavík.

8. gr.

Skólaárið er frá 1. okt. til 1. mai.